

Orkustofnun
b.t. Maríu Guðmundsdóttur
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. mars 2022
Tilvísun: 202202-0012
SS/LA/OKV

Efni: Umsögn um nýtingarleyfi á jarðhita á Torfastöðum í Bláskógabyggð

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags.8. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Torfastöðum í Bláskógabyggð. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókninni og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:


Um er að ræða ósk um að nýta vatn úr borholu TO-01 sem er í landi Torfastaða. Því virðist ekki verið að óska eftir að bora nýja borholu að svo stöddu. Ekki fylgir með kort sem sýnir staðsetningu borholunnar en á kortasjá Orkustofnunar má sjá að hún er staðsett miðað við uppgefin hnit og það er sunnan við Biskupstungnabraut nálægt jarðamörkum að Hrosshaga. Þegar skoðaðar eru nýlegar loftmyndir sést rask sem hefur orðið á svæðinu. Heppilegt hefði verið að láta loftmyndir fylgja með umsókninni.

Áætluð afköst borholunnar eru um 4 lítrar á sekúndu en nýlegar rennslismælingar gefa rúmlega 2 lítra á sekúndu. Þá er áætluð þörf á flæði til að anna áætlaðri orkuþörf næstum 5 lítrar á sekúndu. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að sýnt sé fram á að borholan geti sinnt þessari þörf og ef ekki hvort og þá hvar sé stefnt að því að bora fleiri holur. Engin áætlun fylgir um niðurdrátt. Er öruggt að hann verði enginn?

Þetta skiptir máli því í landi Torfastaða eru vistgerðir, búsvæði fugla og sjaldgæfra plantna með hátt verndargildi. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er mikið af votlendisvistgerðum nálægt borholunni sem hafa hátt verndargildi og hætta á að rask af nýtingu borholunnar verði töluvert á votlendinu og er orðið allnokkuð nú þegar. Sjaldgæf planta, flóajurt, sem vex við jarðhita, hefur fundist í landi Torfastaða og þörf er á að kanna útbreiðslu hennar á svæðinu og hvort henni stafi hætta af jarðhitanytingunni. Flóajurt er á valista Náttúrufræðistofnunar og metin í nokkurri hættu (<http://www.ni.is/node/25679>).

Þá vekur athygli að afmörkun á leyfiskortinu nær niður í Hrosshagavík, svæði nr. 763 á náttúruminjaskrá, en víkin er á skrá vegna votlendis og fuglalífs. Ekki er vitað hvort þar sé jarðhiti.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

